

FUNDARBOÐ

252. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn Hjálmakletti, fimmtudaginn 11. apríl 2024 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2404000 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2023

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs borgarbyggðar nr. 666:"Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2023 lagður fram.

Til fundarins koma Haraldur Örn Reynisson og Halldóra Á. Pálsdóttir frá KPMG sem er endurskoðandi Borgarbyggðar og sitja fundinn undir þessum lið. Jafnframt sitja fundinn undir þessum lið Eiríkur Ólafsson fjármálastjóri og Kristín Lilja Lárusdóttir aðalbókari Borgarbyggðar.

Rekstur A-hluta Borgarbyggðar var gerður upp með 462 m.kr. afgangi á árinu 2023. Það er talsvert hagstæðari niðurstaða heldur áætlun gerði ráð fyrir og afkomubati á milli ára. Tekjur A-hluta Borgarbyggðar voru 5.964 m.kr. á árinu 2023 og jukust um 14,6% milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 633 m.kr. eða 10,6% af rekstrartekjum. Afskriftir voru 161 m.kr. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um aðeins 11 m.kr. sem er talsvert hagfelldari niðurstaða en áætlað hafði verið í ljósi verðbólgu. Borgarbyggð greiddi inn á verðtryggt lán í upphafi árs, naut vaxtatekna af sterkri lausafjárstöðu og arður af eignarhlutum var 121 m.kr. sem færirist meðal fjármagnsliða. Heildarskuldir og skuldbindingar í lok árs 2023 námu 3.871 m.kr. og lækkuðu lítið eitt milli ára. Hreinar vaxtaberandi skuldir, án lífeyrisskuldbindinga, voru 1.233 m.kr. í lok árs sem er lækkun um 287 m.kr. á milli ára. Bókfært eigið fé Borgarbyggðar var 5.954 m.kr. í árslok 2023 og eiginfjárhlutfall var 60,6%. Heildareignir A-hluta Borgarbyggðar í árslok 2023 námu 9.825 m.kr. og jukust um 12,1% milli ára. Engin ný langtímalán voru tekin en fjármögnunarahreyfingar voru neikvæðar um 498 m.kr. sem samvarar því sem greitt var inn á fjárskuldbindingar. Fjárfest var fyrir samtals 303 m.kr. sem er heldur lægri fjárhæð en áætlað var. Veltufé frá rekstri Borgarbyggðar á árinu 2023 nam 961 m.kr. eða 16,1% af rekstrartekjum og handbært fé frá rekstri var 971 m.kr.. Þrátt fyrir uppgreiðslu skulda styrktist staða handbærs fjár á árinu 2023 og var í lok árs 581 m.kr. Samstæða Borgarbyggðar var gerð upp með 385 m.kr. afgangi árið 2023, samanborið við 368 m.kr. afgang árið áður. Það voru helst áhrif af sorphirðu, félagslegum íbúðum og ljósleiðara sem leiddu til lækkunar á afkomu milli a-hluta og samstæðu. Meðal annarra eignarhluta sem teljast til samstæðu má nefna 4,1% eignarhlut í Faxaflóahöfnum, Hjálmaklett, Menntaskóla Borgarfjarðar og fasteignina Brákarhlíð. Tekjur samstæðu Borgarbyggðar voru 6.855 m.kr. árið 2023 og jukust um 13,2% milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir var 799 m.kr., samanborið við 823 m.kr. árið áður, og veltufé frá rekstri samstæðunnar var 995 m.kr. Heildareignir samstæðu Borgarbyggðar voru bókfærðar á 12.051 m.kr. og eigið fé samstæðu í árslok var 6.290 m.kr.. Fyrir dyrum standa verulegar fjárfestingar hjá

Borgarbyggð. Nýverið voru undirritaðir samningar um endurbyggingu Grunnskóla Borgarfjarðar ? Kleppjárnsreykjadeild upp á liðlega 1,0 ma.kr. króna, endurbætur standa yfir á húsnæði Grunnskólans í Borgarnesi og á húsnæði Grunnskóla Borgarfjarðar á Varmalandi, endurnýjun og nýjar götur í smíðum bæði fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Þá verður vonandi boðin út bygging á fjölnota íþróttahúsi og stækkun á leikskólanum Uglukletti á seinni hluta árs. Mikilvægt er fara sér hægt í nýrri lántöku og verður byggt á sterkri lausafjárstöðu eins og hægt er. Hreinar skuldir Borgarbyggðar munu hins vegar aukast á yfirstandandi ári og því fyrirsjáanlegt að fjármagnskostnaður 2024 verði töluvert hærri en á liðnu ári með samsvarandi neikvæðum áhrifum á rekstrarafgang. Sjóðflæði ársins 2023 var talsvert sterkara en áætlanir gerðu ráð fyrir og skuldastaða hagstæðari. Borgarbyggð er vel í stakk búin til að ráðast í tímabærar fjárfestingar í skólum, íþróttamannvirkjum, gatnaframkvæmdum og öðrum innviðum sem eru inni í áætlunum sveitarfélagsins. Áfram þarf að gæta að hagkvæmni í rekstri og leita leiða til að hagræða í fjárbindingu. Byggðarráð samþykkir samhljóða að vísa ársreikningi 2023 til fyrri umræðu í sveitarstjórn. "

3. 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 664: "Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2024. Eiríkur Ólafsson fjármálastjóri Borgarbyggðar kemur til fundarins.

Í tillögunni eru áætlaðar tekjur frá Jöfnunarsjóði hækkaðar um 86 m.kr. í samræmi við áætlun sjóðsins og áætlun um útgjöld vegna breytinga á reglum um frístundastyrk hækkuð um 5 m.kr., hækkun vegna styrks til reksturs golfvallar um 6 m.kr. og styrkur til björgunarsveitar um 450 þús.

Við þessa breytingu er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok hækki um 74.550 þús.kr.

Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn."

4. 2312078 - Leikskólinn Hraunborg - Varmaland - Flutningur

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 666: "Afgreiðsla frá fundi fræðslunefndar Borgarbyggðar nr. 231: "Sviðsstjóri fjölskyldusviðs fer yfir minnisblað um flutning Hraunborgar að Varmalandi og teikningar af mögulegri staðsetningu.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs fer yfir minnisblað um málið og farið er yfir teikningar að mögulegri staðsetningu Hraunborgar að Varmalandi. Fræðslunefnd leggur áherslu á að foreldrum barna á leikskólanum sé tilkynnt um málið. Ekki verður boðið uppá skólaakstur fyrir leikskólabörn.

Fræðslunefnd samþykkir að stefnt verði að því að leikskólinn á Hraunborg verði fluttur að Varmalandi frá og með næsta hausti. Foreldraráðinu á Hraunborg var boðið að koma með umsögn um málið en hún barst ekki. Málinu er vísað til Byggðarráðs."

Samþykkt samhljóða að vísa til sveitarstjórnar"

5. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Lagt er til að Logi Sigurðsson verði skipaður sem áheyrnarfulltrúi og xxxx varamaður hans í Umhverfis- og landbúnaðarnefnd í samræmi við 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þórunn Unnur Birgisdóttir hefur beðist lausnar frá störfum sínum sem aðalmaður í fræðslunefnd og sem varamaður í sveitarstjórn Borgarbyggðar.

Tekur sæti í hennar stað Erla Rúnarsdóttir sem varamaður í sveitarstjórn.

6. 2303070 - Siðareglur sveitarstjórnar Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 663: "Framlögð drög að siðareglum fyrir kjörna fulltrúa í Borgarbyggð.

Byggðarráð samþykkir framlögð drög að siðareglum fyrir kjörna fulltrúa í Borgarbyggð og vísar þeim til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

7. 2402263 - Afskrift á útistandandi kröfum

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 664: Lögð fram tillaga að endanlegri afskrift á útistandandi kröfum sem ekki er talið hægt að innheimta. Tillagan hefur áður verið lögð fram í velferðarnefnd en kröfurnar tengjast verkefnum sem tilheyra nefndinni. Heildarfjárhæð endanlegrar afskriftar er 4,8 m.kr.

Byggðarráð samþykkir samhljóða endanlega afskrift krafna að fjárhæð 4,8 m.kr. Endanleg afskrift hefur ekki áhrif á rekstrarreikning Borgarbyggðar þar sem afskriftin hefur þegar verið gjaldfærð.

Eiríkur Ólafsson fer af fundi."

8. 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 664: "Framlögð skýrsla vegna opunar tilboða í endurbætur á Grunnskóla Borgarfjarðar - Kleppjárnsreykjadeild, tilkynning um val á tilboði og mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fjárhag sveitarfélagsins í samræmi við 66. gr sveitarstjórnarlaga. Lægsta tilboð átti Sjammi ehf. að fjárhæð 1.061.214.833 kr. og frávikstilboð að fjárhæð 1.043.867.834 en tilboðin hljóða upp á um 19% af áætluðum skatttekjum Borgarbyggðar á yfirstandandi ári.

Í fjárfestingaráætlun Borgarbyggðar fyrir árin 2024-2027 eru þrjár fjárfestingar sem eru að fjárhæð hærrí en 20% af skatttekjum hvers árs. Lagt fram mat Ólafs Sveinssonar hagverkfræðings á áhrifum fjárfestinganna á fjárhag sveitarfélagsins með áherslu á endurbyggingu Grunnskóla Borgarfjarðar - Kleppjárnsreykjadeildar. Fram kemur það mat að m.v. þær forsendur sem fyrir liggja á sveitarfélagið að ráða við fjárfestinguna. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að taka tilboði lægstbjóðanda að undangengnum biðtíma og háð staðfestingu á hæfi bjóðanda í samræmi við kröfur útboðs.

Samþykkt samhljóða."

9. 2401305 - Varmalandsdeild - framtíðarsýn

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 664:

"Afgreiðsla frá 231. fundi fræðslunefndar, dags. 7. mars 2024: "Sviðsstjóri fjölskyldusviðs fer yfir minnisblað um málið. Lagðar eru fram umsagnir foreldra, starfsfólks og stjórnenda um tillöguna að 1.-4.bekkur verði á Varmalandi næsta haust og 5.-10.bekkur fari í aðra skóla. Einnig er umsögn frá skólaráði Grunnskóla Borgarfjarðar um málið og samantekt frá foreldrafundi á Varmalandi. Öllum sem komu með umsögn

um málið er þakkað fyrir. Almennt kemur fram í umsögnunum að ekki er sátt um að Varmalandsdeild verði bara fyrir nemendur í 1.-4.bekk. En lesa má af umsögnum að skilningur sé á því að 8.-10.bekkur fari í aðra skóla. Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs leggur einnig fram kostnaðarmat fyrir tillöguna. Fræðslunefnd skynjar áhyggjur foreldra og starfsfólks af þeim breytingum er lúta að því að miðstigi fari frá Varmalandi samhliða elsta stiginu. Fræðslunefnd hefur að sama skapi miklar áhyggjur af því að í 5.-7. bekk á næsta skólaári er gert ráð fyrir fjórum nemendum með íslensku sem móðurmál. Fræðslunefnd hefur því áhyggjur af því að ekki sé hægt að uppfylla kröfur sem gerðar eru í skólastarfi samkvæmt Aðalnámsskrá. Fræðslunefnd leggur því til að byrjaði verði að vinna að því að 8.- 10.bekkur fari í aðra skóla frá og með næsta vetri en tekinn verði fundur með foreldrum á Varmalandi um miðstigið áður en endanleg ákvörðun er tekin. Sviðsstjóra fjölskyldusviðs er falið að svara spurningum sem hafa komið fram í erindum. Málinu er vísað áfram til umræðu í Byggðarráði. Samþykkt samhljóða."

Framlögð bókun meirihluta byggðarráðs: "Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkir að kennslu í 5. - 10. bekk verði hætt í Grunnskóla Borgarfjarðar - Varmalandsdeild frá og með hausti 2024. Byggðarráð telur að með því að bjóða börnum bæði af miðstigi og elsta stigi GBF á Varmalandi upp á nám í fjölmennari skólum eða deildum í sveitarfélaginu megi betur mæta þeim kröfum sem gerðar eru í skólastarfi samkvæmt aðalnámsskrá. Byggðarráð tekur að því leyti undir sjónarmið sem fram koma í afgreiðslu fræðslunefndar.

Frá því halla fór undan fæti með staðnám við Háskólann á Bifröst hefur nemendum fækkað nær samfelld við Varmalandsdeild og fjölgun við deildina síðustu tvö ár er eingöngu vegna verkefnis um móttöku flóttamanna.

Framtíð skólastarfs við Varmalandsdeild hefur stöðugt verið til umræðu síðustu ár. Það hefur leitt til langvarandi óvissu fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Kallað hefur verið eftir framtíðarsýn sveitarfélagsins um skólahald á Varmalandi og að óvissunni verði eytt. Með þessari ákvörðun telur byggðarráð að því ákalli sé mætt.

Kostnaðarmat gefur til kynna að fjárhagsleg áhrif af því að leggja niður bekkjardeildir á miðstigi og elsta stigi á Varmalandi verði jákvæð um 60 - 70 m.kr. fyrir rekstur Borgarbyggðar þegar full áhrif breytinganna verða komin fram að tveimur til þremur árum liðnum. Þeim mun fylgja tímabundinn kostnaður og fjárfesting í húsnæði á Varmalandi. Ekki er ráðgert að ráðast í neinar uppsagnir starfsfólks.

Sveitarstjóra er falið að halda áfram að útfæra hugmyndir um breytt fyrirkomulag skólaaksturs m.t.t. fækkunar bekkjardeilda á Varmalandi og samsvarandi fjölgunar í öðrum deildum eða skólum í sveitarfélaginu. Byggðarráð óskar eftir því að þær hugmyndir verði tilbúnar áður en kemur að fullnaðarafgreiðslu málsins á fundi sveitarstjórnar sem dagsettur er 11. apríl 2024.

Í sumar verður unnið að endurbótum á húsnæði GBF á Varmalandi en ráðgert er að leikskólinn Hraunborg flytji starfsemi sína í húsnæðið í haust. Unnið er út frá því að um 20 - 30 börn verði í leikskólanum Hraunborg að Varmalandi.

Afgreiðslunni er vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn."

Samþykkt með tveimur atkvæðum (GE, DS) gegn einu atkvæði (SG).

Fulltrúar minnihluta í byggðarráði leggja fram eftirfarandi bókun: "Minnihlutinn hvarmar þá ákvörðun meirihluta byggðarráðs Borgarbyggðar að taka fram fyrir hendur fræðslunefndar og ákveða flutning miðstigs Varmalandsdeildar Grunnskóla Borgarfjarðar í aðra skóla. Samkvæmt bókun fræðslunefndar var niðurstaða hennar að flytja 8. - 10. bekk að Kleppjárnsreykjum og að halda fund með foreldrum áður en ákvörðun um flutning á miðstigi yrði tekin. Sá fundur er búinn en fræðslunefnd hefur ekki fundað til að taka ákvörðun í þessu máli. Það er mat minnihlutans að með þessari afgreiðslu sé meirihluti byggðarráðs að taka fram fyrir hendurnar á fræðslunefnd og þessi afgreiðsla verður því að teljast óvönduð stjórnsýsla svo ekki sé dýpra í árina tekið."

10. 2310143 - Áheyrnarfulltrúar í fastanefndum

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 663: "Fjallað um kjör áheyrnarfulltrúa í fastanefndum sveitarfélagsins sem hafa fullnaðarafgreiðsluvald tiltekinna mála. Lagt er til að áheyrnarfulltrúar sem skipaðir eru skv. 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 í fastanefndir sem fara með fullnaðarafgreiðsluvald fái 2% af þingfararkaupi per fund í þóknun fyrir störf sín.

Áheyrnarfulltrúar sem skipaðir eru skv. 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 í fastanefndir sem fara með fullnaðarafgreiðsluvald fá 2% af þingfararkaupi per fund í þóknun fyrir störf sín. Ákvörðunin tekur gildi frá og með 1. janúar 2024.

Samþykkt samhljóða."

11. 2310254 - Unglingalandsmót 2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 663: "Framlagður samstarfssamningur UMFÍ, UMSB og Borgarbyggðar vegna 25. Unglingalandsmóts UMFÍ sem fram fer í Borgarnesi um Verzlunarmannahelgina, 1. - 4. ágúst 2024.

Byggðarráð samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

12. 2311047 - Fyrirspurn frá FSRE um áhuga Borgarbyggðar á lóðum innan Kleppjárnsreykja

Agreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. : "Framlagt verðmat sem unnið var að beiðni FSRE á tveimur lóðum á Kleppjárnsreykjum.

Verðmat framlagt. Byggðarráð samþykkir að nýta ekki forkaupsrétt að jörðunum Klöpp L164424 og Kvisti L134428 með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

13. 2403057 - Samstarfssamningur um gagnkvæma aðstoð slökkviliða

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 663: "Framlögð drög að samstarfssamningi um gagnkvæma aðstoð milli Slökkviliðs Borgarbyggðar og Brunavarna Austur-Húnvetninga.

Byggðarráð samþykkir framlögð drög að samstarfssamningi Slökkviliðs Borgarbyggðar og Brunavarna Austur-Húnvetninga og leggur til að sveitarstjóri feli slökkviliðsstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

14. 2403016 - Starfsemi Þróunarfélags Grundartanga - aðalfundur 2024

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 663: Framlagt boð á aðalfund Þróunarfélags Grundartanga sem fram fer 30. apríl 2024. Jafnframt lögð fram til kynningar Grænbók 2.0, kynning á Grundartanga á ensku og kynning á nýtingu

glatvarma á Grundartanga.

Framlagt fundarboð og byggðarráð leggur til að Guðveig Eyglóardóttir verði áfram fulltrúi Borgarbyggðar í stjórn Þróunarfélags Grundartanga. Sveitarstjóra falið að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða."

15. 2404005 - Vafrakökustefna Borgarbyggðar 2024 - uppfærsla

Afgreiðsla frá fundi í byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 665: "Uppfærð vafrakökustefna Borgarbyggðar lögð fram til samþykktar.

Byggðarráð samþykkir framlagða vafrakökustefnu fyrir Borgarbyggð með fyrirvara um fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

16. 2212062 - Ugluklettur - Stækkun

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 665: "Afgreiðsla 8. fundar Byggingarnefndar vegna stækkunar Uglukletts: "Byggingarnefnd viðbyggingar við Ugluklett leggur til við byggðarráð að gengið verði til samninga við lægstbjóðenda, Nýhönnun ehf. um aðalhönnun viðbyggingar við leikskólann Ugluklett."

Byggðarráð samþykkir afgreiðslu af 8. fundi byggingarnefndar vegna stækkunar Uglukletts um að gengið verði til samninga við Nýhönnun ehf. um aðalhönnun viðbyggingar við leikskólann Ugluklett með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Elfar Már Ólafsson verkefnastjóri byggingar- og framkvæmdamála sat fundinn undir þessum lið."

17. 2403236 - Aðalfundur Veðifélags Langár 6.4.2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 665: "Framlagt fundarboð á aðalfund Veðifélags Langár ásamt ársreikningi.

Í samræmi við samþykktir Borgarbyggðar þá kemur í hlut formanna fjallskilanefnda Brekku- og Svignaskarðsréttar og Grímsstaðaréttar að mæta á aðalfund Veðifélags Langár fyrir hönd sveitarfélagsins. Sveitarfélagið gerir ekki ráð fyrir því að fulltrúi þess taki þátt í atkvæðagreiðslu sem er í samræmi við 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006."

18. 2404002 - Vindorkugarður á Grjóthálsi-Matsáætlun_Beiðni um umsögn frá SLS

Afgreiðsla 64. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við matsáætlun fyrir framkvæmdir við vindorkugarð á Grjóthálsi og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Nefndin telur að vel sé gert grein fyrir hvernig staðið verði að umhverfismati framkvæmdarinnar, skilgreiningu á valkostum, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismati og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Þau leyfi sem framkvæmdin er háð og fellur undir Borgarbyggð eru framkvæmdaleyfi og skipulagsáætlanir er liggja þurfa fyrir áður en framkvæmdir

hefst. Borgarbyggð vill árétta að endurskoðun aðalskipulags stendur yfir þar sem m.a. er gert ráð fyrir stefnumörkun er varðar virkjanaframkvæmdir þar á meðal virkjun vindorku. Borgarbyggð hyggst einnig láta vinna greiningu á mögulegum staðsetningum vindorkuvera í sveitarfélaginu með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Samþykkt samhljóða."

19. 2404021 - Aðalfundur Veiðifélags Gljúfurár 24.04.2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 665: "Framlagt boð á aðalfund Veiðifélags Gljúfurár sem fram fer 24. apríl 2024.

Í samræmi við samþykktir Borgarbyggðar þá kemur í hlut formanns fjallskilanefndar Brekku- og Svignaskarðsréttar að mæta á aðalfund Veiðifélags Gljúfurár fyrir hönd sveitarfélagsins. Sveitarfélagið gerir ekki ráð fyrir því að fulltrúi þess taki þátt í atkvæðagreiðslu sem er í samræmi við 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006."

20. 2404038 - Aðalfundarboð Reiðhöllin Vindási 2024.

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 666: "Framlagt fundarboð aðalfundar Reiðhallarinnar Vindási ehf. sem fram fer 17. apríl 2024.

Byggðarráð samþykkir samhljóða að Lilja Björg Ágústsdóttir sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs og staðgengill sveitarstjóra mæti til fundarins fyrir hönd Borgarbyggðar."

21. 2403263 - Borgarbraut 56-60 - umsókn um deiliskipulag - 135504

Afgreiðsla 64. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir stækkun lóðar að miðri veglínu innkeyrslu suðvestan við lóðina. Nefndin samþykkir tillöguna til auglýsingar þegar brugðist hefur verið við athugasemdum nefndarinnar og vísar málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða."

22. 2404015 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 665: "Framlagt fundarboð á aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur, sem fram fer 17. apríl 2024, ásamt fundargögnum.

Fundarboð framlagt. Sveitarstjóra er falið að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Guðveig Eyglóardóttir er tilnefnd sem áheyrnarfulltrúi af hálfu Borgarbyggðar og Davíð Sigurðsson hennar varamaður sbr. afgreiðslu sveitarstjórnar 9. júní 2022 um skipan í ráð og nefndir kjörtímabilið 2022 - 2026."

23. 2403257 - Vegaframkvæmdir - umsókn um framkvæmdarleyfi

Afgreiðsla 64. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 þar sem náma við Haffjarðardalsgil (nr. 17242) verður skilgreind. Samþykkt samhljóða."

Fundargerð

24. 2403016F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 664

- 24.1 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 24.2 2401305 - Varmalandsdeild - framtíðarsýn
- 24.3 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
- 24.4 2403095 - Ráðgjöf vegna tryggingaútbóðs
- 24.5 2402263 - Afskrift á útistandandi kröfum
- 24.6 2310143 - Áheyrnarfulltrúar í fastanefndum
- 24.7 2311312 - Borun hitastigulshola í Borgarlandi - Umsókn um framkvæmdaleyfi
- 24.8 2310254 - Unglingalandsmót 2024
- 24.9 2303070 - Siðareglur sveitarstjórnar Borgarbyggðar
- 24.10 2308258 - Inntakslón Andakílsárvirkjunar_Bygginga- og framkvæmdaleyfisumsóknarferli
- 24.11 2402277 - Starfsmannamál 2024
- 24.12 2401308 - Gjaldskrá strætó vegna ferða barna og ungmenna
- 24.13 2311047 - Fyrirspurn frá FSRE um áhuga Borgarbyggðar á lóðum innan Kleppjárnsreykja
- 24.14 2402169 - Orku- og fjarskiptaöryggi í Borgarbyggð vegna bilunar 16.feb 2024
- 24.15 2403077 - Umsókn um lóð - Vallarás 14 B og 14 C.
- 24.16 2403057 - Samstarfssamningur um gagnkvæma aðstoð slökkviliða
- 24.17 2403168 - Mælaborð fyrir lýðheilsuvísa
- 24.18 2403248 - Breyting á fundartíma byggðarráðs
- 24.19 2403016 - Starfsemi Þróunarfélags Grundartanga - aðalfundur 2024
- 24.20 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 24.21 2403092 - Fundagerðir 2024 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

25. 2403025F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 665

- 25.1 2403213 - Ályktanir til Borgarbyggðar frá sambandsþingi UMSB
- 25.2 2403204 - Bréf frá íbúum við Þórðargötu vegna byggingar nýrra íbúðarhúsa
- 25.3 2403277 - Aukafundur byggðarráðs
- 25.4 2404005 - Vafrakökustefna Borgarbyggðar 2024 - uppfærsla
- 25.5 2404014 - Stjórnsýsluskoðun Borgarbyggðar 2023
- 25.6 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 25.7 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 25.8 2403236 - Aðalfundur Veðifélags Langár 6.4.2024
- 25.9 2403218 - Sorpurðun Vesturlands - aðalfundur 20.3.2024
- 25.10 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 25.11 2403080 - Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 20. mars 2024
- 25.12 2404015 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 25.13 2404021 - Aðalfundur Veðifélags Gljúfurár 24.04.2024

26. 2404037F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 666

- 26.1 2404000 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2023
- 26.2 2401305 - Varmalandsdeild - framtíðarsýn
- 26.3 2312078 - Leikskólinn Hraunborg - Varmaland - Flutningur
- 26.4 2404038 - Aðalfundarboð Reiðhöllin Vindási 2024.

27. 2403028F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 64

- 27.1 2404002 - Vindorkugarður á Grjóthálsi-Matsáætlun_Beiðni um umsögn frá SLS
- 27.2 2403075 - Samtún - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 27.3 2403063 - Hrafnaklettur 1b (L212585) byggingarheimildir_Fyrirspurn um skipulagsmál
- 27.4 2403263 - Borgarbraut 56-60 - umsókn um deiliskipulag - 135504
- 27.5 2403081 - Vatnsaflsvirkjun og flugvöllur í Húsafelli 3 (L134495) - umsókn um breytingu á deiliskipulagi
- 27.6 2403073 - Digranesgata 4c - umsókn um framkvæmdarleyfi - L237167
- 27.7 2403239 - Snorrastaðir (L136085) - umsókn um framkvæmdarleyfi vegna túns
- 27.8 2311071 - Íþróttasvæði Borgarnesi - Deiliskipulag
- 27.9 2403257 - Vegaf framkvæmdir - umsókn um framkvæmdarleyfi
- 27.10 2403005F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 29
- 27.11 2403024F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 30
- 27.12 2403012F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 225

28. 2403006F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 60

- 28.1 2401047 - Samþykkt um lýsingu við íbúðarhúsnaði utan þéttbýlis í Borgarbyggð
- 28.2 2403231 - Hreinsunaráttök 2024
- 28.3 2403231 - Hreinsunaráttök 2024
- 28.4 2403228 - Umsóknir í styrkvegaskjóð 2024
- 28.5 2401053 - Deild umhverfis- og landbúnaðarmála, mánaðarskýrslur 2024

09.04.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.